

# 1. fundur fræðslunefndar

**1. fundur fræðslunefndar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn fimmtudaginn 16. ágúst 2018 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 16:30.**

## Mætt:

Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, S-lista

Guðmunda Ólafsdóttir, nefndarmaður, B-lista

Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, nefndarmaður, S-lista

Brynhildur Jónsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Pórhildur Dröfn Ingvadóttir, nefndarmaður, D-lista

Guðbjartur Ólason, fulltrúi skólastjóra

Kristrún Hafliðadóttir, fulltrúi leikskólastjóra

Anna Hrund Helgadóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla

Sandra Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra

Birna Aðalheiður Árdal Birgisdóttir, fulltrúi foreldra leikskóla

Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri

## Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	<b>1808025 – Kosning varaformanns</b>
	Lagt til að Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson verði varaformaður. Samþykkt með þremur atkvæðum. Fulltrúar D-listans sátu hjá.
3.	<b>1808022 – Þagnarskylda – undirritun kjörinna fulltrúa og áheyrnarfulltrúa</b>
	Undirritun fulltrúa.
5.	<b>1808026 – Fundartími fræðslunefndar</b>

	Samþykkt að hafa fundi fræðslunefndar annan miðvikudag hvers mánaðar kl. 16:30.
<b>6.</b>	<b>1806122 – Ytra mat á Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri 2018</b>
	Fræðslunefnd fagnar boði um ytra mat Menntamálastofnunar á Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Sveitarfélagið Árborg mun ekki tilnefna matsaðila heldur er óskað eftir að Menntamálastofnun sjái um þá tilnefningu. Stjórnendur BES hafa óskað eftir að í fjórða matsþætti verði lagt mat á stoðþjónustu skólans. Fræðslunefnd samþykkir að þessi matsþáttur verði fyrir valinu.
<b>7.</b>	<b>1808018 – Reglur um námsleyfi í leikskólum Árborgar</b>
	Í kjölfar vinnufunda leikskólaráðgjafa og leikskólastjóra eru hér lögð fram drög að reglum um námsleyfi starfsfólks í leikskólum sveitarfélagsins, annars vegar vegna framhaldsnáms leikskólakennara og hins vegar fyrir starfsfólk sem hefur hug á að ljúka námi í leikskólafræðum. Fræðslunefnd fagnar þessari vinnu og leggur til að væntanleg úthlutunarnefnd ljúki nánari útfærslu á reglunum. Einnig lagt til að í nefndinni verði einn fulltrúi fræðslunefndar, einn frá skrifstofu fræðsluviðs og einn fulltrúi leikskólastjóra. Málið verður tekið aftur á dagskrá á fundi 12. september nk.
<b>12.</b>	<b>1802235 – Ytra mat – Leikskólinn Jötunheimar</b>
	Lagt fram. – Umbótaáætlun v/ytra mats Menntamálastofnunar. – Bréf leikskólastjóra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 17. maí 2018. Fræðslunefnd staðfestir umbótaáætlun skólans.
<b>Erindi til kynningar</b>	

<b>2.</b>	<b>1808024 – Erindisbréf fræðslunefndar</b>
	Til kynningar. Samþykkt að endurskoða erindisbréfið fyrir næsta fund fræðslunefndar í september.
<b>4.</b>	<b>1808023 – Kjörnir fulltrúar í fræðslunefnd 2018-2022</b>
	Til kynningar.
<b>8.</b>	<b>1808021 – Leiðbeiningar fyrir fræðslunefnd og námskeiðsgögn</b>
	Til kynningar.
<b>9.</b>	<b>1802007 – Samstarfsverkefni þriggja sveitarfélaga vegna nemenda af erlendum uppruna</b>
	Til kynningar. Fræðslunefnd fagnar þessu verkefni.
<b>10.</b>	<b>1802201 – Samstarfsfundir leikskólastjóra og fræðslustjóra</b>
	Til kynningar. – Fundargerð frá 5. júní 2018. – Fundargerð frá 14. ágúst 2018. Samþykkt að halda aukafund með öllum skólastjórum leik- og grunnskóla þar sem hver og einn kynnir sinn skóla. Stefnt að því að halda fundinn í september.
<b>11.</b>	<b>1802006 – Samráðsfundir skólastjóra og fræðslustjóra</b>
	Fundargerð frá 18. maí 2018 til kynningar.
<b>13.</b>	<b>1808019 – Hagnýt leikskólafræði við HÍ – könnun og upplýsingar</b>
	Til kynningar. – Niðurstöður könnunar. – Upplýsingar um námið.

<b>14.</b>	<b>1807023 – Skólahverfamál í Árborg – greining á búsetu nemenda</b>
	Greining og tölvupóstur frá Sverri Bollasyni hjá VSÓ RÁÐGJÖF til kynningar. Fræðslunefnd leggur til að vinna við endurskoðun á skólahverfum á Selfossi v/væntanlegs skóla í Björkurstykki hefjist sem fyrst og tillögur um skiptingu skólahverfa liggja fyrir í nóvember nk. Fræðslustjóra falið að fylgja málinu eftir innan stjórnarsýslunnar.
<b>15.</b>	<b>1801041 – Skólaráð Sunnulækjarskóla</b>
	41. fundur, haldinn 30. maí 2018, til kynningar.
<b>16.</b>	<b>1803017 – Álfheimafréttir</b>
	Álfheimafréttir í maí 2018 til kynningar. Þar er m.a. fundargerð foreldraráðs frá 2. maí 2018.
<b>17.</b>	<b>1802168 – Við erum eins og samfélag – Uppbygging lærdómssamfélagsins í Jötunheimum</b>
	Lokaskýrsla til kynningar.
<b>18.</b>	<b>1808020 – Verklag sem styður við lærdómsferli nemenda með sérþarfir</b>
	Til kynningar. Kristín Björk Jóhannsdóttir, deildarstjóri Seturs, stýrir þróunarverkefninu sem fær kr. 1.200.000.- úr Sprotasjóði á skólaárinu 2018-2019. Fræðslunefnd fagnar styrknum og þessu verkefni.
<b>19.</b>	<b>1708133 – Undirbúningur að byggingu skóla í Björkurstykki</b>

	Til kynningar. Á fundi bæjarráðs 21. júní sl. var eftirfarandi bókað: Bæjarráð tilnefnir Örnú Ír Gunnarsdóttur, S-lista, Tómas Ellert Tómasson, M-lista og Gunnar Egilsson, D-lista, til setu í byggingarnefnd fyrir skóla í Björkurstykki. Þá var gerð breyting á fulltrúa D-lista í byggingarnefnd skóla í Björkurstykki á fundi bæjarráðs 19. júlí 2018. Magnús Gíslason D-lista, tekur sæti Gunnars Egilssonar sem verður varamaður í nefndinni.
<b>20.</b>	<b>1801183 – Skjöl vegna launaröðunar kennara og stjórnenda skóla</b>
	Til kynningar.
<b>21.</b>	<b>1806045 – Fræðslu- og umræðufundir um menntun fyrir alla og menntastefnu 2030</b>
	Til kynningar.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 18:40

Arna Ír Gunnarsdóttir		Guðmunda Ólafsdóttir
Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson		Brynhildur Jónsdóttir
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir		Guðbjartur Ólason
Kristrún Hafliðadóttir		Anna Hrund Helgadóttir
Sandra Guðmundsdóttir		Birna Aðalheiður Árdal Birgisdóttir
Þorsteinn Hjartarson		